

Nr. 023 / 15 Brúarfoss**Skipverji slasast við störf í vélarúmi**

IMO.nr. 8914568
Fánaríki: Antigua og Barbuda
Smíðaður: Fredrikshavn, Danmörku, 1992
Stærð: 7.676 BT
Mesta lengd: 126,63 m
Breidd: 20,53 m Dýpt: 10,70 m
Vél: MAK 8M 552C 5400 kW
Fjöldi skipverja: 11



Brúarfoss©Hilmar Snorrason

Gögn:

Slysaskýrsla

Úrdráttur úr leiðarbók

Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 18. september 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 22. febrúar 2015 var Brúarfoss á siglingu í norður Atlantshafi. Veður: A 32 – 34 m/sek. Sjór: A 12/13

Skipverji var við vinnu í vélarúmi þegar hann féll í einni veltu skipsins og marðist á hægri síðu. Hann hélt áfram störfum eftir skoðun.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjinn var í sinni fyrstu ferð á skipinu;
- að skipverjinn var í eftirlitsferð um vélarúmið þegar hnútur kom á skipið og hann stóð ekki klár á því. Hann féll, rann eftir gólfinu og lenti á ramma fyrir lausar grindur í gólfinu;
- að gólfið var hreint og þurrt.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð.